

The background features a repeating pattern of stylized human figures. Most are grey, but one figure in the lower-left quadrant is highlighted in orange. The figures are arranged in a grid that tapers off towards the right side of the image.

Áhrif persónuverndarlaga á markaðssetningu og vefkökur

Hádegisfundur SKÝ, 11. maí 2022

Alma Tryggvadóttir
persónuverndarfulltrúi Landsbankans

Persónuupplýsingar

Allar upplýsingar sem *beint eða óbeint* má rekja til einstaklings svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, **netauðkenni** eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnahagslegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti

Ópersónugreinanlegar upplýsingar

Upplýsingar verða að vera algjörlega órekjanlegar til að teljast ópersónugreinanlegar, m.ö.o. með engu móti hægt að rekja þær til tiltekins einstaklings

Dulkóðaðar persónuupplýsingar teljast ekki ópersónugreinanlegar ef til er greiningarlykill

!! Af því leiðir að öll ákvæði persónuverndarlaga eiga við

Vinnsla
persónuupplýsinga
vegna beinnar
markaðssetningar
heimil á grundvelli
lögmætra
hagsmuna skv.
persónuverndarlög.


Óumbeðin fjarskipti
í formi beinnar
markaðssetningar
almennt óheimil
nema með
samþykki
viðtakenda skv.
fjarskiptalögum

Heimilt að nota
vefkökur ef í
lögmætum tilgangi
og með vitund
hlutaðeigandi
notanda sem hann
getur *hafnað*

Hvaða reglur gilda um flutning persónuupplýsinga úr landi?

- Flutningur persónuupplýsinga innan EES er frjálts
- Flutningur til „óöruggra þriðju ríkja“ utan Evrópu háður ströngum skilyrðum
 - Vefkökur frá 3ja aðila í USA falla hér undir
 - Sérstök „flutningsheimild“ skv. V. kafla GDPR m.a.:
 - Viðeigandi verndarráðstafanir / staðlaðir samningsskilmálar
 - **Háð mati á því hvort viðtökuland veiti nægilega vernd**
 - Skilgreina og innleiða viðeigandi verndarráðstafanir





Sagan um Schrems og baráttuna um flutning til Bandaríkjanna

- Einu sinni voru....*öruggar hafnir* (e. Safe Harbor)
 - Dómur Evrópudómstólsins (Schrems I, 2015)
- Svo kom *friðhelgisskjöldurinn* (e. Privacy Shield)....
 - Dómur Evrópudómstólsins (í Schrems II, 2020)
 - 101 kvörtun til allra persónuverndarstofnana EES vegna flutnings til Google og Facebook
- Nú eru viðræður hafnar um...*Ramma um öryggi persónuupplýsinga beggja vegna Atlantshafsins* (e. Trans-Atlantic Data Privacy Framework)

Ákvörðun austurrísku persónuverndarstofnunarinnar

Google telst fjarskiptapjónustuveitandi (e. electronic communications service provider) sem fellur undir þjóðaröryggislög og þar með eftirlit bandarískra leynipjónustustofnana

Austurrísk vefsíða notaði Google Analytics og flutti með því persónuupplýsinga til Google LLC í USA á grundvelli viðeigandi verndarráðstafana

Þær verndarráðstafanir ekki taldar fullnægjandi og útilokuðu ekki aðgang leynipjónustuyfirvalda. Brot gegn flutningsreglum. Óvíst með sektir.

- IP-tölur og netauðkenni duga til að persónugreina einstakling hvort sem raunveruleg persónugreining fór fram
- óljóst hvort viðbótar öryggisráðstafanir veittu raunverulega vörn
- möguleiki einstaklinga á að samþykkja eða hafna persónubundnum auglýsingum sýnir að Google hefur alla burði til að persónugreina einstaklinga



Tilbúin, viðbúin, af stað!

Ákvörðun frönsku persónuverndarstofnunarinnar

Sam-evrópsk skoðun á vinnslu persónuupplýsinga með Google Analytics. [Ítarleg ákvörðun](#).

Í ljósi dóma ED og skorts á samkomulagi milli evrópskra og bandarískra yfirvalda um flutning persónuupplýsinga er einungis hægt að byggja flutning á viðeigandi verndarráðstöfunum sem voru ekki til staðar

Flutningur persónuupplýsinga til USA með Google Analytics óheimill þrátt fyrir að IP-tölur væru „ópersónugreinanlegar“.

Mælt með að vefmælingartól skili einungis ópersónugreinanlegri tölfræði

Lagt fyrir franskt vefsvæði að fylgja GDPR eða hætta að nota Google Analytics við núverandi aðstæður eða finna annað greiningartól sem flytur ekki persónuupplýsingar út fyrir EES innan mánaðar



- Málin endurspeгла nýtt samræmingarkerfi sem fylgdi GDPR
 - aukið samstarf evrópskra persónuverndarstofnana
 - aukin áhætta fyrir ábyrgðaraðila vegna einnar-afgreiðslustaðakerfis
- GDPR í grunninn sameiginlegt evrópskt regluverk og því nauðsynlegt að evrópskar persónuverndarstofnanir túlki reglurnar með sama hætti
- Persónuvernd sagði að stofnunin myndi (26.1.2022):
 - Kynna sér austurrísku ákvörðunina vel
 - Fylgjast með þróun mála hjá systurstofnunum í Evrópu
 - Birta samantekt og leiðbeiningar um notkun á greiningarverkfærum eins og Google Analytics við fyrsta tækifæri

Hvað næst?

- Mikilvægt að langtímalausn finnist þar sem persónuupplýsingar eru verndaðar innan USA eða með flutningi netþjóna bandarískra fyrirtækja til Evrópu
- Þangað til ættu evrópsk fyrirtæki að forðast bandaríska vinnsluaðila a.m.k. um sinn eða notast við greiningartól / vinnsluaðila innan Evrópu
- Persónuverndarfulltrúar ættu að upplýsa stjórnendur um áhættuna sem felst í flutningi persónuupplýsinga til USA m.a. með Google Analytics
- Fyrir flutning til aðila sem ekki falla undir þjóðaröryggislöggjöf USA þarf að framkvæma MÁP og innleiða viðeigandi verndarráðstafanir í samræmi við leiðbeiningar persónuverndaryfirvalda

